



Seltjarnarnesi, 2. júní 2021

Heilbrigðisráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um sérstaka þróunaráætlun og tilraunaverkefni fyrir ræktun lyfjahamps og notkun kannabislyfja í lækningaskyni.**


**151. löggjafarþing 2020–2021.**  
**Þingskjal 1010 — 596. mál.**

Lyfjafræðingafélag Íslands (LFÍ) telur fulla ástæðu til þess að skoða nánar tilraunaverkefni það sem Danir eru að vinna að og er hálfnað um þessar mundir. LFÍ vill benda á að það gæti verið ástæða til þess að bíða eftir loka niðurstöðu þess verkefnis. Norðmenn virðast hafa gengið lengra en Danir hvað varðar vinnu með skilgreiningar og væri einnig hægt að hafa þá vinnu til hliðsjónar.

Mikilvægt er að byggja á reynslu annarra þjóða og skapa grundvöll að athugun hvort leyfa eigi hér á landi, kannabis í lækningaskyni í tilraunaskyni. Verði það samþykkt á síðari stigum, er mikilvægt að ekki sé komið í veg fyrir ræktun og framleiðslu hérlandis.

LFÍ telur að áriðandi sé að endurskoða í heild sinni, Lög um ávana- og fíkniefni 1974 nr. 65 21. maí ásamt reglugerðum, óháð þeirri tillögu sem hér er sett fram. framleiðslu lyfjahamps og framleiðslu og dreifingar á kannabislyfjum í lækningaskyni.

Virðingarfyllst,  
f.h. Lyfjafræðingafélags Íslands,

  
Inga Lilý Gunnarsdóttir, lyfjafræðingur  
Formaður LFÍ